

Félag rannsóknastjóra á Íslandi

17. fundur 19. maí 2017 – kl. 15.00 – 16.00

Mætt: Anna Kristín Daníelsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir, Elísabet Andrésdóttir, Eiríkur Smári Sigurðarson og Oddný Gunnarsdóttir.

Dagskrá fundar

1. Félagsmenn skiptu með sér störfum: Ásta Sif verður formaður, Eiríkur Smári gjaldkeri og Oddný ritari.
2. Farið var yfir viðburði síðasta árs. Almenn ánægja var meðal stjórnarmanna með Stefnumótun við vísindi sem haldið var í lok apríl. Fyrirhugað er að myndbönd með viðtölum við framsögumenn verði þýdd á ensku og birtir á heimasíðum félagsins og Rannís.
3. Starfið framundan.
Eiríkur Smári bar fram tillögu um að fá hingað til lands Gill Wells sem starfar við Háskólann í Oxford, til að halda hér fyrirlestur um hvernig skrifa eigi góða umsóknir en hún fyrri fyrir evrópuskrifstofu Háskólans í Oxford. Fyrirhugað er að fá Rannís til samstarfs við félagið vegna heimsóknar hennar sem stefnt er að hafa á tímabilinu 5.-9. september. Eiríkur Smári mun hafa samband við Gill varðandi heimsóknina.
28. ágúst mun Sean McCarthy vera með námskeið sem haldið verður í samstarfi Rannís og félagsins, það er ekki enn fullmótað en mun meðal annars fjalla impact.
18. október verður haldið námskeið í samstarfi Rannís og félagsins um styrki.
Ákveðið var að hafa á næsta ári annan stóran viðburð eins og Stefnumótun við vísindin í ár.
4. Önnur mál
Eiríkur Smári sagði frá ráðstefnu sem haldin var í Prag þar mikið var fjallað um „ERC pipeline“ aðferðina þar sem álitlegir /lofandi PhD-nemar eru valdir og þeim veitt að sérstök aðstoð við að komast áfram við styrkjaumsóknir. Fundarmenn töldu að stefna bæri að þessu hér heima.